

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 241/2021**

**frá 24. september 2021**

**um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka  
(Staðfesturéttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),  
einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1272 frá 30. júlí 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Vatíkanborgríkinu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1273 frá 30. júlí 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í San Marínó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins <sup>(2)</sup>.
- 3) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 10b (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1126) í V. viðauka við EES-samninginn:

„10c. **32021 D 1272:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1272 frá 30. júlí 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Vatíkanborgríkinu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 148).

10d. **32021 D 1273:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1273 frá 30. júlí 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 148.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 151.

sem gefin eru út í San Marínó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 151).“

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 11b (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1126) í VIII. viðauka við EES-samninginn:

„11c. **32021 D 1272**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1272 frá 30. júlí 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í Vatikanborgríkinu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 148).

11d. **32021 D 1273**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1273 frá 30. júlí 2021 um að koma á jafngildi COVID-19 vottorða sem gefin eru út í San Marínó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 151).“

3. gr.

Texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2021/1272 og (ESB) 2021/1273, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Rolf Einar Fife**

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*formaður.*

ÓOPINBER BÝÐING